

**Sp.**

**213. Tillaga til þingsályktunar**

um stuðning við Eimskipafélag Íslands, ef það byggir vöruflutningaskip hentugt til Ameríkufurða.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita eftir samkomulagi við stjórn Eimskipafélags Íslands um að það byggi, aðallega vegna Ameríkufurða, stórt vélskip til vöruflutninga, með nokkru farþegarúmi á þilfari. Ríkisstjórninni er heimilt að heita félaginu sanngjörnum rekstrarstyrk um allt að 10 ára skeið, í hlutfalli við þann rekstrarhalla, sem félagið kynni að verða fyrir á þessu skipi vegna Ameríkufurða.